

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 8 2. janúar 1981 um niðurfellingu og/
eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til sam-
keppnisiðnaðar með síðari breytingum.

1. gr.

Við upptalningu 1. gr. auglýsingarinnar bætist eftirtalið tollskrárnúmer:
90.08.39

2. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Umsókn um endurgreiðslu samkvæmt 4. gr. skal hafa borist viðkomandi innheimtu-
manni innan 6 mánaða frá sölu til þess aðila er sækir um endurgreiðslu og nema minnst
5 000,00 kr. til þess að vera endurgreiðsluhæf. Heimilt er að leggja saman reikninga til þess
að lágmarksfjárhæð náist.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976
um tollskrá o. fl., 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald
með áorðnum breytingum, 3. gr. laga nr. 78 23. desember 1980 um jöfnunargjald og lið 4.1
6. gr. laga nr. 85 31. desember 1983, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 21. nóvember 1984.

Albert Guðmundsson.

Björn Hafsteinsson.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Víðihlíðarhverfis og Ásgeirsárþæi, Þorkelshóls-
hreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Víðihlíðarhverfis og Ásgeirsárþæja. Heimili og varnar-
þing er í Þorkelshólshreppi, V-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á svæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru eigendur eftirtalinna býla: Stóru-Ásgeirsár, Litlu-Ásgeirsár,
Víðihlíðar, Víðigerðis, Auðunnarstaða I, Auðunnarstaða II, Birkihlíðar, Brúnar, Bruna-
skúrs við Víðigerði.